

# Reglugerð um (6.) breytingu á reglugerð nr. 468/2013 um nýtingu afla og aukaafurða.

1. gr.

3. málslíður A-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skylt er einnig að hirða og koma með að landi hausa og allan afskurð sem fellur til við vinnslu á makríl, íslenskri sumargotssíld og norsk-íslenskri síld.

2. gr.

2. málslíður C-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skylt er að hirða og koma með að landi alla grálúðuhausa og grálúðusporða.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2022.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 6. desember 2021.*

**Svandís Svavarsdóttir**

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*

## Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.